

Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 var haldinn rafrænn fundur hjá siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 8/2021

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 26. júlí .2021 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallar reglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para A við B án þess að hún hefði við pörun náð 24 mánaða aldri. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 26. júlí og henni gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði ekki innan andmæla tíma. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV.Niðurstaða

Kærði telst hafa gerst brotlegur við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Svanhildur Skúladóttir